

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

3. ISBN 978-9935-409-02-7

þríeindir

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080

þríeindir



ýr og rætur asksins

Urður Verðandi Skuld (33.),

Óðinn Vili Vei,

brunnarnir okkar þrír af hverra rótum rennur askur,

við erum manntré með þrjár rætur í inum þrem brunnum (18.),

en manngi sér þá eind sem allar þríeindir eru

vata pitta kapha / And- Eld- Sæ-hrímnar, (/loft gall slím sem ótærleiki)

Óðinn Hænir Lóður (11.),

Satt-Gunni, Rassíu-Gunni, Tamiíhaldsami-Gunni, „Gunnadansinn”,

þræll karl jarl (11.),
HárrHærriÞriði,

Ómi (aúm): A(Vishnu) U(Shiva) M(Brahma) अ उ म् ॐ

kyrrð kraftur sköpun, Shiva Vishnú Brahma,
(Shiva er kyrrð, Vishnú kraftur, Brahma skapari)
þrískipting Hávamála og skilningur eftir vitundarstigi manna(11.),
nemandi - námið – námsefnið (37.),
dhíu dhriti smriti,
að auki þrennt saman:

A β γ αλφα βετα γαμμα eru heilabylgjur sem mælast með heilalínuriti (25.)
(þeta θ gæti verið þarna líka sem heilabylgjur samt)
TM-tæknin örvar alfa-bylgjur heilans, en þær eru rishi, Óðinn, meðan
gamma eru cchandas Véi,
A M Ö alfa my ómega upphaf miðja endir
þrír eru og meginstólpar velliðanar: mataræði-svefn-hegðan – lærið um
hvernig maður lifir lífinu sínu (vizka slík í 39.).

Svo er hér „ekki þríend“:

lélegt er, að þrjú vitundarstig (vaka draumsvefn djúpsvefn) eru víta-
hringur sem þarf að rjúfa: þrjú lægstu vitundarstigin sem við þekkjum á
veraldlega sviðinu: vaka draumsvefn djúpsvefn (30., vitundarstigin 7).

Sumar þríendur eru á hinu óskapaða sviði, apauruseya अपौरुशेय,
eru undirstaða tilveru okkar,
aðrar fyrirfinnast í henni verslu eingöngu, og því auðveldlega hægt að
losna undan þeim.

ज्ञ शक्ति क्रिया शक्ति dñjana shakti kṛiyaa shakti

(sem þýðir: hugsanaorka sem kemur úr tærri vitund manns,
og svo framkvæmdin með vitundarorku)
annað er hugsanir úr kyrrðinni orkuhlaðinni sem verður sköpun
hitt framkvæmdir úr þeirri orkuhlöðnu kyrrð.
Hugsanir manns, sem ekki tengist ginnungagapi daglega, eru
máttlausar, en hugsanir úr ginnungagapi virka um allan heim óháðar
tíma og rúmi.

-Þríendur? Hví svá margar þríendur?




-Nefnum fyrst þessa þríeind:

Óðin Vila Vía innan

ginnungagaps,
þeir eru sama og rishí devata cchandás í samhita,
sama sem HilbertSpace Observables States í samsviði allra náttúru-
lögmálanna (The Unified Field of Total Natural Law).

Fyrir ofan strik hið skapaða, efni kraftar í veröld




fyrir neðan strik hið óskapaða,
í ginnungagapi, samviðið og ÓðinnViliVéi,
Unified Field of Total Natural Law og
HilbertSpace Observables States (þríeind úr eind)

Útskýrum þetta:

Eindin, ginnungagap (á myndunum fyrir neðan strikið -- sem er sjálfsvísandi, þ.e. hefur allt innan sín og ekkert utanaðkomandi að sækja -- fær löngun til að öðlast þekkingu.

Eindin er vitund á hreyfingu. Hún er þekkingin mikla.
Þekkingin er í vitund. Þekkingin er innbyggð í vitund.

Auðvitað má myndin vera svona:



eindin guðlega efst á mynd,
hún verður HilbertSpace Observables States (þríeind), ÓðinnViliVéi,
og fyrir neðan strik er svo hin skapaða veröld

en veröld öll er ginnungagap og ekkert er utan þess.

Já. Óðinn leitar þekkingar, þ.e. fær þessa hugmynd að leita einhvers (þekkingarþráin),
 Vili (vilji til að leita) finnur þekkingu innan sjálfrar vitundarinnar,
 því ekkert er þarna annað en þekkinging,
 og hún er Véi, og er það sem finnst við leitina.

Þarna er ekkert annað, svo þeir eru þríeind.
 ÓðinnViliVéi og til baka VéiViliÓðinn,
 eru eind, verða þrír, verða eind á ný, og þannig áfram.



Óðinn Vili Véi (sjá og 22. um jötna) eru sköpun.
 Sífelld sköpun.

Óðinn innan eindarinnar, þekkingarinnar, vill þekkja meira,
 svo
 Vili, viljinn til að leita þekkingar verður til.
 Það sem Óðinn Vili finna fyrir er þekkingin sjálf,
 því ekkert annað er,
 og það er Véi, ÓðinnVéi.

Nú er Véi þeirrar náttúru að hann felur, hylur, Óðin og Vila,
 en þríeindin gengur samstundis til baka,
 Véi Vili Óðinn sem verða aftur eind,
 og þannig koll af kolli á leifturhraða, síknt og heilagt.

Þetta er hið heilbrigða ferli innan samsviðsins.
 Þeir eru þrír en þar sem þeir vísa aðeins til sjálfra sín sem eind og sem
 eindar, því ekkert annað en eindin mikla er, getum við kallað þá þríeind.

Óðinn Vili Véi, norræn nöfn = rishi devataa cchandaa

sanskrit ॠषि देवता छन्दस् úr samhita ॠषिदेवता (samsviðinu)

(sjá 26. skráðu, gervir, skapari;

sama og: Hilbert Space, Operators/Observables, States, sem eru nútíma-
 vísindaheiti).

Eind-þríeind-eind-þríeind-..... endalaust og á ofsahraða.

Vitund á hreyfingu, þekking sem er í vitund á hreyfingu

-Eruð þið, Óðinn Vili Véi, sem sagt sama og rishi devataa cchandas, og sama og HilbertSpace og það, vísindamannaheitin?

-Já. Ekki beint sjáanlegir mönnum á hinu skapaða sviði veraldar, heldur innan eindarinnar sem er fullkomlega sjálfri sér nóg, er allt, er allir möguleikar. Úr henni er allt. Í henni er allt.

Við erum svolítið ferkantaðir á þessari teikningu, og vonum að það sé ekki villandi framsetning, en það er bara svona sem blessuðu vísindamennirnir teikna skýringamyndirnar -- enda útilokað að teikna okkur.

Eind-þrieind:

Eindin mikla, tívatún, alkyrrð, orkuhlaðið ginnungagap, þekkinging sjálf, fær ómótstæðilega löngun til að öðlast þekkingu (það er Óðinn), leitar þekkingar (Vili), finnur þekkingu innan sjálfrar sín (Véa), þrieind -- sem verður eind á ný, Véi Vili Óðinn til baka í eind, og þannig áfram á fimbulfart sífellt og endalaust.

Nú skulum við líta á málið sem vitsmuni. Alheimsvitsmuni. Það fer ekki hjá því að hér eru vitsmunir að verki:

Óðinn fær þrá til að leita vizku, Vili er vilji og fer og athugar, en á þessu sviði tilverunnar finnur ÓðinnVili aðeins sjálfan sig fyrir, svo Vili bara vill gjarnan sjá eitthvað, en ekkert er að sjá „nema” möguleikar alls sem er. Svo, raunar, þegar Vili fer að athuga og finnur Véa, renna þeir saman í eind að nýju. Eindin verður á ný þrieind. Þrískipt þekkingin, þrískipt eilífð, þrískipt eind.

Vitundin er á hreyfingu, forvitnin kemur, þekkingarþráin, þörfin til að fara að gá, og finna aðeins sjálfa sig fyrir því ekkert annað er. Og þannig áfram endalaust og allt í senn á fimbulferð.

Véi, sem endurómandi og titrandi heild, Gungnir innan gapsins, felur Óðin og Vila. Samt eru þeir enn þríheild. Eru heild.

Gungnir er titrandi heildin (14.).

Nú erum við ekki að tala um ið sjáanlega skapaða svið veraldar heldur grunninn undir henni. Vedurnar eru hljóð, orð, um hið óskapaða og uppruna alls í heimi, en, hér er svolítið sem þið hafið líklega ekki heyrt fyrr:

úr gapinu milli orða Vedanna kemur allt.

Við erum að tala um hugarfóstur Brahm, bhur bhurva gap.

Hér eru Burr og Bestla og Burs synir.

ऋशि देवता छन्दस् Rishi devata cchandadas eru Óðinn Vili Véi,
Óðinn vitund, Vili ferli og vilji til að skapa, Véi hin helgu vé, hið skapaða.
Cchandadas (sem er Véi)


er úr chad (tsjad), chand (tsjand), चन्द चद्
að hylja, að breiða út sem hulu yfir, að hylja sitt innsta eðli, hylja hinn
raunverulega sjálfan sig. Alltaf ginnhelg eindin þó.

Meðal manna í veröld eru sumir sem ekki sjá.

Þegar maayaa माया glepur
(1. skræða tröll; 4. kærasta Þjóðvitnis),

kemur Þjóðvitnir á kreik. (4., pradña aparadha प्रज्ञा अपरध
endilega vaðið í gegnum 4. skræðu og vaðal Þjóðvitnis).

Við höfum Þjóðvitni hinn skemmtilega sem mistök hins óuppljómaða
manns í sambandi við skilningarvitin: beint í „Gunnadansinn“, og útaf
sporinu, og verða leiksoppar hans, og auðveld bráð eigin blindni sinnar
og „fiskur Þjóðvitnis“. Mokfiskerí og aflasæld í mannheimum.



Vitsmunir gera mistök, fara útaf réttu ferli.

pradña aparadha प्रज्ञा अपरध

Við vitum að maayaa माया og tröll (1., 32.) eru ímyndun (ógagnsæ þoka)
sem veldur villusýn og menn álpast útaf sporinu.
-- Telja sig vera í fangelsi, sem er eigin hugarburður vegna ósvinnu.
Algjör óparfi.

rishi devata cchandadas, má einnig skýrgreina svona:
rishi, óðinn: vitund/sá sem veit, sá sem er þekkingin,
devata: vili, viljinn til að leita þekkingar, að afla þekkingar, námsferli,
cchandadas, véi: þekkingin, hið þekkta, svinnur, námsefnið,

og þá þríend sem:

nemandinn - **það að nema** (námið) - **hið numda** (námsefnið)

Þríend í tærri vitund.

Sjá 37. skráðu um vitundarþroskamenntun;

vaikaríi madyamaa pasyantíi paraa वैकरी मद्यमा पश्यन्ती परा

skoða með skilningarvitum

skilja hugsa

vitsmunir og rökhyggja, og afstæði

tilfinning, næmt innsæi, þekking á náttúrulögmálunum



(37.)

Vegna þess að við erum vitund:

Nám er talið þrennt en er í rauninni eind:

nemandi - námið - námsefnið.

Virkar á okkur sem þrennt þegar við erum í gamaldags skólum með gamaldags úreltar námsaðferðir.

Nemandi(þekkjandiÓðinn) nám(leitandiVili) námsefni(þekkingVei)

slóðir: http://www.cbeprograms.org/brain_development/index.html

http://www.poverty-removal.org/appendix16n/appendix_16_.html

Menntun er ábótavant í okkar þjóðfélagi þar sem vitundarþroska vantar.

Menntamálaráðherra er ábyrgur, stjórnvöld eru ábyrg, þegar menntun er ekki í samræmi við hin æðstu þekktu vísindi.

Global Country kippir þessu í lag.

(CBE, Consciousness-Based Education, vitundarþroskamenntun.)

Og þrennt er ferli í námi: skynja halda muna
(sjá 13., Mími, og 37., vitundarþroskamenntun),

dhíi dhriti smriti धी धृति स्मृति


dhíi: skynja, taka eftir, hugsa, óska, þrá, langa,
dhriti: halda í, halda, geyma hjá sér, grípa, styðja; ákveðni, ákvörðun,
stöðugleiki,
smriti: minni (hér minni á það sem maður hefur lært)

(sjá 13., Mími, og 37., vitundarþroskamenntun)

Mímir (13.), smriti, er að muna uppruna sinn, minni um eindina,
muna hver við í raun erum

(40. नष्टो मोहाः स्मृतिर्लब्धा नाश्तो मोहाह िस्मृतिर labdhaa).

(25., 27., 37.:) Við getum lifgað gárur, Gungni, á hinum mikla svinni með
því að sóa einstaklingsvitund, iðka TM-tæknina, fremja valkyrju.
Við það nærum við okkur sjálf og heim allan.



Heimur allur er úr ginnungagapi kominn og nærast úr því.
Án þess er engin sköpuð veröld.
Heimur allur er í ginnungagapi, svo Óðinn Vili Vei eru alls staðar.

Með beinni reynzlu af vitund, nýtum við mennirnir ótæmandi orku
hennar (vitundar, ginnungagaps) í lífinu.
Við lífgum gárur, Gungni, með því að sóast. (31. vígja, 14. Glaðheimar).

Með samsviðstækninni TM® gerum við þetta auðveldlega.
(TM er skammstöfun á transcendental meditation, það að sóast í Ægi.)

Áhrifin mælast greinilega á heilalínuritum, og hundruð rannsókna staðfesta niðurstöðurnar.


Ekkert er náttúrulegra og eðlilegra huganum en að sameinast uppruna sínum, vitund, ginnungagapi, samsviðinu.

Vitund er völlum, tún (δυναμῖς, dynamís), og við erum vitund.

Vitund sem aðeins veit af sjálfri sér, Óðinn Vili Vei, er tær vitund.

Það svið er undirstaða allra veraldregra krafta, og þar með ótal sinnum orkumeira en aðdráttarafl og rafsviðin.

(Vetnissprengja er ógreinanlegur tituprjónshaus í þessari viðmiðun, tíu milljón milljón milljón sinnum aumari en kraftar tívatúns.)



ofan striks fus, neðan striks tívaúnskraftur

Við, á þessu tívatúnssviði tilverunnar --undirstöðunnar sjálfrar, raunverunnar --, getum með hugsun einni saman verið kraftmeiri en inir veraldlegu kraftar.

ज्ञान शक्ति dñjan shakti क्रिया शक्ति kriyaa shakti

Mannlegt taugakerfi og mannlegur heili hafa þessa mögulegu hæfileika.

Þetta svið er allir möguleikar.

-Erum við mennirnir -- hin raunverulegu við innan kroppsins okkar -- þessi grundvallarraunveruleiki?

-Já



Forferðurnir okkar notuðu táknmál sem ekki allir menn skilja.

Vei, endurómar í öllu í heildinni. Hin helgu vé í eindinni, svinni.

En það fatta ekki menn á lágum vitundarstigum.

Þeir halda að við séum að digga við Freyju, sköpunarkraftinn (20.),



en hver maður hefur skilning samkvæmt sínu vitundarstigi -- ekki meiri.

Allir menn ættu að hækka sitt vitundarstig
þá öðlast þeir skilning.

Ef til vill var það einmitt þetta mönnum torráðna táknmál sem bjargaði
menningararfinum okkar frá eyðileggingarherferð rómverska
heimsveldisins og arma þess sem teygðust m.a. norður á bóginn.

Bræður þrír, vitund á hreyfingu,
en Freyja, sköpunarkrafturinn, er elja þeirra allra.
(20., gyðjan mikla, um Freyju.)
Hin iðilfriða mær.



Venus og Eros málverk Guercinos, hluti úr mynd

Óðinn fær þrá til að leita vizku,
Vili fer og athugar, en
á þessu sviði tilverunnar finnur Óðinn aðeins sjálfan sig fyrir.
Svo, raunar, þegar Vili fer að athuga og finnur Véa, renna þeir saman í
eind að nýju og eru ekki annað en tær þekkingin. Eindin verður svo á ný
þríeind, vitundin er á hreyfingu, forvitnin kemur, þörfin til að fara að gá,
og finna aðeins sjálfa sig fyrir. Og þannig áfram endalaust og allt í senn,
sífellt og á ofsahraða.
Þá tekur við hinn kvengerði hluti sköpunarverksins, paraprakriti (æðri
náttúra).
Tveir mismunandi kraftar vinna saman, svo sem: purusha-(para)prakrítí,
ying yang. ÓðinnViliVei-Freyja.
Án hvors annars verða þeir ekki sköpun og framþróun.
Þetta er á hinu enn óskapaða sviði.

(en ath.: 8., Skírnismál, eru um guðlegt og mannlegt í sameiningu.)

Í heiðni er sköpunargleðin í höndum gyðjanna mildu (18., 20.), sem taka við af þríeindinni karlgerðu. Fullkomið jafnvægi, gyðjan er hér í heiðri höfð og mikið dýrðkuð. Án hennar er lífið ekki.

Ítíhas इतिहस, hlátur prakriti hættir, er hin blómstrandi heild.

Mannleg vitund sem fellur út af þessu guðlega ferli,

.....eind þríeind eind þríeind.....

lendir, sem fyrr segir, í ógurlegum greindarinnar mistökum,

pragya aparadha प्रज्ञापरध

Einstaklingurinn verður næringarlaus og visinn.


Gæti verið kallaður fiskur Þjóðvitnis, sem ekki er mjög glæsilegt fyrir mannveru.

(Sjá 4. skráðu, um Þjóðvitni og Ull bál þekkingar.)

Sem sagt: Vei felur Óðin fyrir okkur,

Þjóðvitnir, sem mistök hins óuppljómaða í sambandi við skilningarvitin, kemur á kreik.

Mannleg greind fer útaf sporinu, pradña aparadah प्रज्ञापरध



vitsmunir okkar, greindin okkar, gerir mistök!! Rugl í stað reglu.

Þetta vita nú ekki allir, en tími til kominn að allir skilji,
og allir viti hvernig á að koma í veg fyrir þetta allt of algenga rugl.

Verst er að menn vita ekki af þessu, og dýrðka vitsmunina sína sem hið æðsta. Það er svolítið slæmt ástand.

Menn sjá ekki uppruna sinn og alheimsvitsmuni, ginnungagap, sem þeir eru jü í raun!!

Þegar við tengjumst ginnungagapi reglulega, er Gungnir í reglu, en

fari greindin útaf sporinu við ferlið ÓðinnViliVei, lendum við í pardnja aparadha, rugli

Lesið bók eftir Hari Sharma, Christofer Cock: Conntemporary Ayurved, ISBN 0443 05594 7

Þessi mistök, ruglið pradnja aparadah प्रज्ञापरध, eru orsök alls misræmis og orsök allra veikinda, völvu mín.

Þetta þarf hver einasti maður að skilja.

Lærið TM-tæknina, samsviðstæknina, og þið komizt inn í hið heilbrigða guðlega ferli á ný.

Allt er fullkomið frá náttúrunnar hendi.

Maðurinn má ekki falla útúr því fullkomna ferli.

*-Hvers vegna gerir greindin okkar þessi mistök,
Eru mannlegir vitsmunir ekki alveg það klárasta í heimi hér?*

-Vegna þess að skilningarvitin mata heilabúið af veraldarfusinu fagra.

(Hér gjammar Þjóðvitnir fram í til að auglýsa sitt efnisframboð:)



„.....Og ég, Þjóðvitnir, hef alltaf framboð til að mæta eftirspurn.
Alltaf auglýsingaherferð og beitu.”

-Fleiri eru þríendirnir?



-Já já!

Við, þursamegir III.

(Maddaman með kýrhausinn Helga Hálfðánarsonar, ISBN 9979 3 2378 7 er yndisleg bók sem allir þurfa að lesa – er um heiðnu kvæðin þrjú sem Völuspá er kokkuð uppúr + prímkristnun -- sem etv bjargaði kvæðunum).

Sattvaguna radjaguna tamahguna erum við þursamegir þrír,
eða III eiginleikar þursameyjar (náttúru),



Gunnarnir þrír. Hasarpeyjar.



Alltaf allir þrír saman.

Sattva/Satt eða Sanni-Gunni (ljós á litinn), og Tama eða Tami/
íhaldsami-Gunni (dökkgrænn), og milli okkar tveggja nauðsynlegu
andstæðnanna er Radja-Gunni (rauður), óðlundaður, eða framkvæmd
mála undir annars hvors okkar stjórn, Sattva eða Tamah.

Þegar við erum í jafnvægi er ekkert að gerast og ekkert gaman.

सत्त्व रजस् तमः sattva radjas tamah

Sanni-Gunni vill framför í þróunarátt,
Tama-Gunni er akkeri sem heldur okkur niðri á jörðinni og lætur okkur
byggja á því sem komið er svo við förum ekki of óðla.
Oft er gott sem gamlir kveða, segja menn, til að fá æskuna til að hlusta á
grunninn undir menningunni -- til að byggja framkvæmdirnar sínar á.

Svo Tami-Gunni er líka góður þótt hann sé letin uppmáluð og íhalds-
samur stundum um of, vill stundum engar breytingar.


Allir þekkja okkur af eigin raun,

en

ekki allir vita að við erum eiginleikar í hinni sköpuðu veröld.

Menn dansa með okkur án þess að skilja okkar dans.

Sog myndast milli okkar og þá er gaman.



Radjas (rauði) sleikir sig alltaf upp við Sanna eða Dimma eftir því hvernig sögið sveiflast.

Sattva-Gunni, Radja-Gunni, Pám-Gunni, þrír eiginleikar hinnar ámáttku móður náttúru. Við eru alltaf á veraldarsviðinu.

Alltaf og eingöngu í veröld.

Raunar stjörnum við öllu hér í henni verslu.

En engu fram yfir það okkar svið.

Ekki í tívatúninu neitt. (5., tívar tefla teitir unz komum við þrír.)

Við erum ærslafengnu Gunnarnir þrír: sattva- radjas- tamah-Gunnar (sjá 5. skráðu „unz kómu”),

eða þrír eiginleikar hinnar ámáttku þursameyjar, náttúrunnar móður alls.

(Sjá 26. skráðu um móður náttúru.)

Eiginleikar, gúna गुण, trigúna त्रिगुण.

Tívar (deva) tefla í túni (dynamis, δυναμῖς, krafti), teitir eru, unz koma III þursamegir (=þrír eiginleikar þursameyjar ámáttkrar).

Við erum heimsins dans.


Stjörnum öllum veraldardansinum,

og til þess að losna undan yfirráðum okkar er aðeins eitt ráð:

निवर्तध्वम् nírvartadhvam,

losaðu þig við veröld um hrið með són,

með því að sóa einstaklingsvitund í alheimsvitund.



nistraigunyo bhav, (úr Bhagavat-gítu II45) निस्त्रैगुण्यो भव्

Vertu án Gunnanna þriggja.

प्रज्ञानं ब्रह्म pradžānam brahman, vitund manns er alheimsvitund.

Svolítið sog -- eða mikið sog -- getur myndast á milli okkar Gunnanna. Við erum ekki alltaf í jafnvægi, en það gengur til baka og fram og til baka.

Við erum virkir, stundum ofvirkir, og lognmollan er leiðinleg til lengdar. Í lognmollunni er ekkert að gerast, og það er ekki að okkar skapi. Stöðnun og aulaskapur.

Í Gullna hliðinu (Sálinni hans Jóns míns) spurði einhver: -er ekki leiðinlegt hér í himnaríki í þessu endalaus blíðviðri, og svarið var: -stundum gæti ég alveg það að vera komin úti almennilega norðlenzka stórhrið.

Þetta lýsir Íslendingum sem leiðist aðgerðarleysi, og því skilja Íslendingar vel þetta endalaus brölt Gunna (eiginleika) náttúrunnar, og taka heils hugar þátt í því. Norðlenzk stórrhið er hressandi.

Ef maður verður úti, er bara að fæðast aftur á Íslandi og halda áfram hér. (13., Helia.)

Já. Hvar vorum við? Já:

Tívar tefla í túni og teitir eru, þar til heimsleikurinn hefst. Gunnadansinn mikli.

Allt er í jafnvægi og góðu lagi meðan tívar (deva) telfa í túni.

Unz koma III þursameyjar/þursamegir, þrír eiginleikar þursameyjar ámáttkrar.

Þá fer allt í villtan dans, -- sem enginn vandi er að komast úr sér til heilsubóta, því Gunnarnir stjórna öllu hér á Vígriðarsléttu, en hver maður getur horft á -- eða tekið þátt.


Maðurinn hefur val.

Maðurinn er Óskópnir, og hver og einn maðurinn skapar það sem hann vill.

Menn bera auðvitað ábyrgð á skapbrestum sínum, en við getum útskýrt það að sumt fer úr böndunum hjá fólki.

-Hvers vegna koma reiðiköst og mannanna vitfyrri?

-Rassakasta-Gunni, radjas, fer úr böndunum, valtar yfir Sattva og Tamah. Verður gersamlega óður.



kaama kródhah
sammóhah búddhí naashaah

Bhagavat-gita II v.62, 63 og III 36, 37

offýsn í heimins gleðigjafa

veldur reiði þegar eitthvað klikkar hjá manni (sem áform oft gera)

svo úppfyllt löngun veldur reiði

en reiðin veldur aftur skertri sýn (sammohas)

sem verður eyðilegging á minni (um hvað maður í raun er: ginnungagap)

smritir-víbhrama (minnið um upprunann ráfar frá manni)

svo búddhí (vitsmunir, greind) hverfur mannininum

og hann er einsog vélvana í myrkrinu.

Hann veit ekki að hann er tívartún, heldur að við Gunnarnir séum allt hans líf, og ekkert sé annað.

Það er nú menntunarskortur (37., vitundarþroskamenntun).

(Bhagavat-gita II 64 gefur gott ráð sem virkar)

Reiðin er mikill óvinur. Reiðin lamar manninn.

Þegar maður er ekki tengdur uppruninum, á hann það til að fara að


eltast við hið hlutlæga eingöngu. Það er glingur skilningarvitanna.

(Þjóðvitnir útskýrir það mál í 4. skráðu.)

Reiðin æsir hugann, hann missir jafnvægi og hæfileikann til að hugsa skírt og rökrétt.

Hann hefur ekki rétta sýn, ekki gott innsæi,

metur ekki kringumstæður rétt, greinir ekki glögg mun á réttu og röngu, ekki hvað er mikils virði og hvað er einskis virði.



djúp skýr hugsun og grunn blind hugsun

Reiður maður man ekki hið sanna, því það er einsog rásir allar séu stíflaðar.

Umferðaröngþveiti innan hans.

Þannig er hann ekki í sambandi við líf í fullkomnu samræmi og samhljómi.

Vizka hans bregðst honum, greindin virkar ekki,

vitsmunir heftast,

bát hans rekur stefnulausan því formaðurinn er ær og hamóra, blindur á sannleikann, og getur ekki stjórnað.

Þetta er leið til glötunar.

Greindin, vitsmunir, er fingerðasti eiginleikinn og er ekki öll á hinu hlutlæga sviði tilverunnar.

Greindin er dýpri en við tölum um í daglegu tali.

Vitsmunir búddh.

Gáfaður? Hvað meinum við? Hugsum okkur tvisvar um.

Finnur að greind er djúpt djúpt innra með hverjum manni.

Sumir teljast gáfaðir en skortir allan grunn í tilveruna.

Við vitum allt um það.

Hjá sumum kemst aldrei neitt niður fyrir neðri kjálkann.

Alheims vitsmunir stjórna öllu.

Við erum í raun þessi mikli svinnur.

Þess vegna er svolítið skammarlegt að ganga á tveim,

tilheyra tegundinni maður,

en hegða sér einsog skepna.

Dýrin hafa ekki háþróað taugakerfi einsog maðurinn, og taka ákvarðanir af sinni ásköpuðu náttúru, eðli sínu.

Hugsun manns er mikill kraftur, sem getur orðið að mikilli löngun, sem svo leiðir til framkvæmda, sem annaðhvort eru til sóma eða til vansa.

Reiði verður til af vangetu manns til að ná takmarki og uppfylla óskir sínar.

Reiði er semsagt bein afleiðing vanmáttar.

Oft kenna menn kringumstæðum eða öðrum mönnum um, til að geta beint reiði sinni að einhverju(m).

(33., Urður Verðandi Skuld.)

Radjó-gúna.

Þegar þessi Rassakasta-Gunni fer úr böndunum veldur hann reiði,
ágirnd, afbrýðisemi. Verða menn þá æfir.
Reiðin gerir menn blindi, blóðið hleypur uppí haus, og þeir missa stjórn
á sér.

-Menn eru ólíkir. Sumir vilja gera gott, aðrir eru sjálfselskir.

-Sumir menn eru góðir,
og í því tilfelli stjórnar Sanni-Gunni honum Radjas- eða Rassakasta-
Gunna,
en
án Radja-Gunna gerist ekkert.

Sanni og Tami stjórna Rassa. Ýmist Sanni eða Tami.
Rassi er áhrifagjarn og lætur stjórna sér einsog hundi.

Gunnarnir þrír eru alltaf alls staðar til staðar í veröld.

Þar eð hún fagra versla er í heilu lagi í ginnungagapi,
erum við Gunnar auðvitað þar með taldir.

Allir menn geta losnað við Gunna-dansinn.
Vitund mannanna er alheimsvitundin -- þar er enginn Gunna-dans.


En ekki kunna allir menn að stjórna útfrá eindinni, ginnungagapi,
sem þó finnst auðveldlega:

Allir menn geta lært að stjórna útfrá eindinni.


Aðeins þarf mannlegt taugakerfi og mannlegan heila til.

Þar er alkyrrö, orkuhlaðin kyrröin.


Aðeins í henni verslu okkar er Gunnanna villti dans.
Þess vegna er auðvelt að losna við okkur Gunnana um stund.



eind/kyrrö --og-- Gunnanna yfirráðasvæði (fusið)



eind/kyrrð -og-- Gunnanna yfirráðasvæði (veröld)



jafnvel trú og langanir eru flæktar í Gunnadansinn

(Sjá 25. og 27. um valkyrjuna og að hnýsast niður,
vertu án Gunnanna þriggja (Bhagavad-gíta).
Sóist (Bhagavad-gíta).


-Fleiri kunna þríeindir að leynast í veröld?



Gerður Gymisdóttir, Gunnlöð Suttungsdóttir og Skaði Þjazadóttir, eru ekki þríeind, en þrjár þursameyjar eru þær samt. (32., 8., 21., 15.)

Þær tákna raunar allar þrjár hið sama í goðsögnum: þróun.
Ein merking: þróun.

(hlustið á Ríg í 11. skráðu,
og sjá 32. skráðu um tröll jötna þursa þursameyjar og framþróun)
Tröll þursar jötnar eru ekki þríeind. (sjá 32. skráðu.)



Freyr Skírnir Gerður (sjá 8.skræðu).

Skaði Njörður Baldur (sjá skráðu 21).

Helja Fenrir Jörmungandur eru þríeind, börn Loka. (sjá 13. skráðu)



Bhagavad gítu XIV8 pramaadaalasya प्रमादालस्य drómi og læðingur
pramaadaalasyanídraa (-nídra sofna dotta niðurdreginn)

Drómi dhruva ध्रुव Læðingur Gleipnir


(sjá 16. skráðu, Tý og Fenri,
og 36., viðtal við móður náttúru).

Drómi og Læðingur má segja að séu tvær mislukkaðar og máttlausar
tilraunir því þær eru á sviði veraldlegs rembingis eða leti,
grunnlausar.

Svo komi lausnin, Gleipnir, sem er í flæði með náttúruinni, á fingerðustu
sviðum hennar, og um leið þeim kraftmestu.

Ein er þríeindin sem kemur mjög snemma, raunar ein af þeim fyrstu sem
koma í hina sköpuðu veröld, efnisheiminn, úr hinu óskapaða sviði,

ginnungagapi. Hún er vata pitta kapha, and- eld- sæ-hrímnar -- kokkurinn potturinn gölturinn í eldhúsinu í Valhöll.



Eitt hið fyrsta sem skapast,
því hugsun kemur á undan efni.

rishi vata óðinn andhrímnir
devata pitta vili eldhrímnir
kapha cchandas véi sæhrímnir

And- Eld- Sæ-hrímnar eða „eldhúsið í Valhöll” er hér mætt á svæðið sem vata pitta kapha, eiginleikar sem finnast í öllu sem skapað er.

And-/loft/vindur,
eld-/hiti/eldur,
sæ-/vatn/vökví.

Og hver og einn hefur í sér and eld sæ: t.d. mismunandi manngerðirnar, (39., matur er mannsins megin)

vata-manneskja, pitta-manneskja, kapha-manneskja -- nú eða alls konar sambland VP, PK, VPK, og svo framvegis.

Á við um líkamsbyggingu og upplag.



And- eld- sæ-, vata pitta kapha, verða til úr höfuðskepnunum 5, rúminu loftinu eldinum vatninu jörðinni (sjá 26. skræðu um ginnungagap og höfðuðskepnurnar)

Þrennt verður til úr fimm:

Andi, vata, eru úr rúminu og loftinu,
eldur, pitta, úr eldinum og vatninu
sær, kapha, úr vatninu og jörðinni

ÖRENDIR SUPERFIELDS	
RUM	2
LOFT	$\frac{3}{2}$
ELDUR	1
VATN	$\frac{1}{2}$
JÖRÐ	0
ADDEITTARAFI	
GAUGE	
EFTNI	


(sjá 26., um höfuðskepnurnar 5).

Íslensku- og bókmenntakennarar voru fyndnir í gamla daga, hlógu mest sjálfir, og létu nemendur hlæja, að, hve gömlu gæjarnir forfeður okkar hafi verið vitlausir, sögðu nemendunum frá „eldhúsinu í Valhöll“ þar sem einherjar voru límdir saman að kveldi eftir bardagaskemmtun dagsins og átu göltinn sem soðinn var í pottinum af kokkinum.

Vo vo vo fyndið, maður! ha ha ho ho hí hí he he.

Svo var nú menntuð stúlka sem fann út fyrir einhverjum árum síðan að and- eld- sæ- væri nú dýpra en þetta meinta eldhús einherjanna og allt sprellið í Valhöll, og var nokkuð góð með sig að sjá þarna höfuðskepnur í táknmáli í skemmtilegum menningararfinum okkar.

Nú vitum við enn meira.



Í Valhöllu er allt þetta í hrími, en samkvæmt lögmálum varmaafslfræðanna eru engin aðskotaefni í því sem er á frostmarki sínu. Sjór inniheldur t.d. vatn og alls konar önnur efni, en frystur sjór er aðeins klaki, rétt einsog soðinn sjór gufar upp aðeins sem eimað vatn. Þessi efni, úr höfuðskepnum -- and eld sæ hrímna eldhúsið í Valhöllu -- eru þarna tær. (Sjá 15. skræðu um Valhöllu okkar.)

And- eld- sæ- = vata pitta kapha वात पित्त कफ

sem eru einnig manntegundir, vata-týpa, pitta-týpa, kapha-týpa (10. skræða, sjá ayur-ved, (ayus/)/ævi-vizka(/veda) og auðvitað bland í poka af öllu í öllum mönnum, VPK VP KV osfrv.

Mannsævi er í þrem þrepum, börn, kaphaskeiðið, þegar menn læra, og vilja hreyfa sig mikið, pittaskeið um miðjan aldur þegar menn vinna og eignast heimili, vataskeiðið þegar menn njóta lífsstarfs og ævikvölds.

Óðinn Hæmir Lóður,




og þeim veitir ekki af að vera þrír að gefa mönnum önd og óð og litu góða, þessar gersemar sem til þarf til að geta kallast maður á Vígriðarsléttu, Óskópni.

Þeir sem eru að fæðast í fyrsta sinn sem menn eru nú, sko, ja, svolítið, þið vitið, ekki alveg, sko.....

Jamm, hmmm, ekki meira um það. Látum Ríg (sjá 11. skráðu) um það mál.


Ég er Þjóðvitnir, - ef ég má aðeins skjóta inní:



-Ég er Þjóðvitnir, hæhæ hæhæ, ég segi nú bara að þetta önd og hænna/Hænir og óður og litu góða sé bra bra, litakassi, og kvæði (óður til barnsins nýfædda), góð þríend



miklu skiljanlegra og skemmtilegra fyrir litlu krakkana, því þau skilja ekki hitt mirru-dótaríð.



og svo er ég hér með tríptýct sem þríend.

Í Rígspulu (sjá 11. skráðu) eru þræll karl jarl, en þar skiptast menn í þrjú stig samkvæmt vitundarþroska sínum. Á lægri stigum vitundarþroska er að finna mína kúnna -- sjá 4. skráðu -- sem er bezta skráðan!!!



Einherjar eru auðvitað ekki mínir kúnna Eirherjar eru eitthvað svo miklir á lofti, að ég næ þeim ekki alveg.

(30., vitundarstigin 7)



-Já, Þjóðvitnir minn. Alltaf ertu skemmtilegur, enda er það þitt starf og yndi.

Öllum er nauðsyn að lifa sínu lífi og enginn skyli sköpun renna.

Að lifa svadharma स्वधर्म eigen Skuldu, er nauðsyn hverjum manni.

Paradharma परधर्म, að lifa annars manns lífi, er hættulegt þróun manns.

Allir ættu að fremja valkyrju og þróast á sinni ævi.

Við tókum næsta skref fram á við frá þeim stað sem við nú stöndum á.

-Eru enn?

Já. Áfram með þríendasmjörð:

rætur 3 draga safi í stofn Asks



Rætur asksins eru þrjár, brunnar eru djúpir, og enginn veit af hvers rótum rennur Mjötviður mæ.

Svo verður Mjötviður, mál til komið.

Loks ymur hið aldna tré í ragnarökum, þegar þessi aldni heimur sem nú stendur hefur runnið sitt skeið.

Níðhöggur, hirtirnir, Ratatoskur, örninn og það, eru aldrei aðgerðarlausir. Nagað og baknagað, öfundað og kroppað.

En menn á jörðu munu nú brátt uppljómast því sat-yuga er komin til að vera.

Rúnin yr hefur þrjár „rætur“ einsog mjötviður mæ, hið aldna tré, askur Yggdrasils.

Ýviður, er í gömlum kirkjugörðum, mjög gamall, talinn vera allt síðan úr heiðni og á þessum stöðum hafi áður verið heiðin hof.

Ýviður (yew, *taxus baccata*) verður holur að innan, manngengur, og endurnýjar sig jafnvel innanfrá. Talinn tré heiðinna manna á helgum stöðum þeirra svo táknrænt fyrir forna sið og dýpt hans, fyrir lífið, endurnýjun þess, ódauðleikann, og fyrir líf hvers manns.

Enginn veit af hvers rötum renn.

Þrír eru meginstólpar undir velliðan og heilsu: (39.), matur svefn hegðan:

- * rétt mataræði með reglulegum máltíðum,
- * góður svefn sem gefur góða hvíld, fara snemma að sofa og vakna snemma,
- * velja sér lífstíl sem stuðlar að heilbrigði og er í flæði með lögmálum náttúrunnar.

Óðni má þrískipta í einum Óðni: Hárr Hærri Þriði, en ótal nöfn ber Óðinn í ýmsu samhengi og ýmsum merkingum. (sjá í 9. nafnarunu handa krökkum).

ekam sad vipra bahudhaa vadanti एकंसद्विप्र बहुधा वदन्ति
Sannleikurinn er einn. Mörgum nöfnum nefna hann hinir vitru.

-Skrítið með allar þessar þríendur.

-Jafnvel má skipta Hávamálum í þrjá þroskakafla, en slíkt fyrirkomulag finnst í fornum siðum, því höfðað er til allra, hvaða vitundarstigi sem þeir kunna annars að vera á.

Hver þekkingarhluti, sem er um tiltekið svið innan þekkingarinnar, shakha, skiptist í þrennt:

कर्म कन्द karma kanda, उपासन कन्द upaasana kanda, ज्ञान कन्द djñana kanda.

Fyrst í Hávamálum eru hegðunarheiliræði, sem eru gjörðapekking, karma(gjörð) kanda (knúbbur, hnútur, hnyðja, þrýstin röt, stólparót).

Hegðunarheiliræði (1) stuðla að framþróun á sviði veraldar, líkama, gjörða, þannig að allt sem maðurinn gerir sé til bóta og betrunar veröld, lífi og öllum öðrum mönnum.

Svo er Loddfáfnir hinn námfúsi (2), en eigi nýtist honum utanaðbókarlærdómur og romsur fyrr en hann lærir að sóast og nema upp fimbulrúnir.

Upaasana kanda er kaflinn þar sem menn læra að bera virðingu fyrir og skilja dýrð þess guðlega sem þeir eru að læra um, hafa í hávegum kennarann sem kennir vizkuna miklu.

Upa-asana er að setjast niður við fætur kennarans og nema af djúpri virðingur fyrir honum sem þekkingunni miklu sem hann býr yfir og getur kennt því hann er lifandi maður, holdi klædd þekkingin tæra.

Þess vegna er val á kennara mikið mál því nóg er af falsspámönnum og þykjustusókratesum sem njóta þess að tala niður til annarra, eða halda að þeir séu altærir og hegða sér þannig. Gætið ykkar vel, og veljið eingöngu hinn högværa uppljómaða.

Því tærari sem hver og einn verður, þeim mun betur gengur að finna hinn uppljómaða kennara.

Möö: Hver og einn lendir á þeim kennara sem hann á skilinn.

Orð og tal um sannleikann sjálfan og allt þetta skapaða eru aðeins sem laufin á askinum.

Mjög gott að skilja með kollinum sínum.

En

safinn, vín Valföðurs, er það sem skiptir máli fyrir þróun okkar.

रिचो अ क्षरे परमे व्योमन् यस्मिन्देव अधि विश्वे निशेदुः

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ? य इत्तद्विदुस्त इमे समासते

richo A ksare parame vyoman yasmin deva adhivisve nisheduh, yastanna veda.....

Sá, sem ekki þekkir af eigin raun það svið sem tívar dvelja á, hefur ekki gagn af bókstafsþekkingu.

En sá, sem þetta svið þekkir af eigin raun, hefur tengingu við raunveruna og lifir allan skilning.

Rúnatal og ljóðin er þannig þriðji kafli þekkingarinnar á sviði framþróunar og æðra lífs.

dñjanakanda इन कन्द þekkingarkaflinn

Hann er handa þeim sem eru uppljómaðir eða alveg að uppljómast.

Hér er þekkingin útskýrð á djúpstæðan hátt fyrir þeim sem til skilnings hafa vitundarstig.

Ekki skilja allir.

Stundum er þekkinging útskýrð á eins konar dulmáli eða líkingamáli. Ekki má flækjast í orðum og táknmáli, heldur nema það sem þau eru að segja okkur.

Ekki skilja allir.

Ekki er gott að hinn gruggugi maður fari með fleipur um hluti sem hann ber ekki skynbragð á.

Hann getur lært utanað, romsað uppúr sér, útskýrt útfrá sínu vitundarstigi, og skemmt sér og öðrum.

En slæmt er ef hann sezt í kennarasæti og þykist fær um að fræða aðra. Oft hlæja slíkir menn að forfeðrunum sínum og spotta þá fyrir trúgirni og hræpa vizku þeirra, aðallega sér sjálfum til skemmtunar og hláturs. Þetta er skáldfífla hlutur.

Smart þykir að fara með vísu úr fyrsta hluta Hávamála í tækifærisræðum, svona: deyr fé deyja frændur og til góðs vinar liggja gagnvegir, og svoleiðis, en engan hefi ég enn heyrt sem fer með 138.vísu í veizlum og reynir að útskýra hana og framhaldið í einhverju samhengi við tilefni samkomunnar.

Kannski er það innihaldi samkomanna að kenna??

Hávamál sem þrír kaflar, í stuttu máli endurtekið:

1) Fyrsti hluti Hávamála er kurteisisreglur sem Elsa-Brita Titchenell kallar Emily Post hlutann, en þessi frú Emily Post skrifaði kurteisisbók fyrir mörgum árum, sem var mjög þörf kennslubók þá, og var um hluti einsog t.d. að ekki má snýta sér á borðdúknum í boði.

2) Svo höfum í miðhluta Hávamála og Loddfáfnir sem er að reyna að læra fróðleik utanað (fróðleiksfús en skilur ekki alla dýpt). Ef hann framkvæmir ekki sína valkyrju hefur hann ekki þá dýpt sem til þarf, þótt honum finnist þekkingin heillandi. Hann vill læra en nýtist ekki af sem skyldi ef grunninn vantar í allt hans nám. Þekking þörf þeims þiggur. (Vitundarþroskamenntun, 37.)

Annars verður þetta skáldfífla hlutur, Loddfáfnir námfús en þjáist mjög af skilningsskorti. Margir fræðingar eru á þessu vitsmunastigi, læra mikið en þekkja ekki ginnungagap.

Við því er til vítamínsprauta: hnýsast niður, sóast.

3) Svo höfum við í Hávamálum rúnatal, ljóðin, 9 galdra góða, fimbulrúnir, stinna stafi, og skiljum að í eindina miklu sækjum við kraftinn sem verður meðbyr í lífinu okkar.

Fyrst Emily Post,

svo Loddfáfnir námfúsi að læra utanað,

svo tær guðspeki (þeósófia).

Við lærum að fremja valkyrju, lærum samsviðstæknina
(TM virkar bezt og virkar alltaf, --skv.vísindarannsóknunum á sviði vitundar
og mannsheila--),
og þá fyrst skilst allur síðasti hlutinn, vísa 138 og allt það.

Tær andlegheit.

(sjá 9. skráðu, seiðskrata, sem segir: nýr flötur á íslenskunni, fremst þar)

Að sóast í ginnungagap (transcendera)

og gleðin og fegurðin sem upplifist við nálægð við Ginnungagap,
Glaðheima vitundar.

(sjá 9., mál seiðskrata: Fegurra geta menn ekki aðhafst ef þeir kunna vel
með að fara. Valkyrjan er hið besta.

Hún er eina gjörðin sem ekki bindur, hún er gjörðin sem leysir manninn.
Valkyrja er gjörningur, iðla skyli fremja.

Hún þjónar vitund við að skreppa heim, Óðinn gefinn Óðni.)

-Enn þríendir?

-Þríendin Urður Verðandi Skuld er náttúrulögmál:
hver gjörð á sér samsvarandi mótgjörð,
það sem sett er af stað kemur aftur til gjörandans.
Fyrir eða síðar, en örugglega.

Vegir gjörða eru órannsakanlegir (Bhagavad Gita)

गहना कर्मनो गतिः (gahanaa karmanó gatih)

= Urður Verðandi Skuld (/skylda)

gahanaa (torskildar, þykkar, óskiljanlegar, djúpar, enginn nær yfirsýn)

karmano (gjörða)

gatih (götur, vegir) .

Urður Verðandi Skuld (sjá 33. skráðu, um Urði Verðandi Skuldu, örlög,
karman, sanktiPétur með bók, ráð til að losna við gjörðaflækjuna.)

-Segið mér nú, Urður, Verðandi og Skuld, hvort þið búið mönnum örlög?



-Búum og búum. Já líklega.

-Má með sanni kalla ykkur örlagagyðjur eða örlaganornir?

-Örlög og örlög. Já líklega svo.

-Hvaða humm og humm og líklega er hér í gangi?

-Það fer eftir skilningi manna hvort við búum og hvað örlög eru.
Eigi skyli reyna að umflýja sína Skuldu, því enginn má sköpun renna.
Viðtal við okkur er í 33. skræðu.
Við erum lögmálið um að hver gjörð hefur sína mótgjörð.
Svo sem hver maður sáir þannig mun hann og upp skera.
Og erfðasyndin og allt það.
Gahana karmano gatih, vegir gjörða eru órannsakanlegir

Hver gjörð á sér mótgjörð að jöfnu. Sáíð og uppskerið svo.

-Eruð þið sankti Pétur með stóru bókina, syndaregistrið, við hið gullna hlið?

-Já og nei.

-Eruð þið ekki með hlutverk ykkar á hreinu, eða hvað?

-O, jú og jú. En við búum ekki til örlög heldur hver maður sín.

Og engin guð búa til örlög, og engin guð stjórna lífi manna, heldur verður
hver og einn maðurinn að stjórna sínum örlögum, sínum gjörðum,
hugsunum, vilja, löngunum.
Engin guð hegna, engin guð umbuna.
Svoleiðis guð er hlýðnitæki.

Aðeins náttúrulögmál,
og sá sem lifir í þundarflæði með framþróun er í góðum málum.
Sá sem stríðir gegn náttúrulögmálunum og níðist á náttúrunni er í
vondum málum.

Alls konar misskilningur er í gangi meðal manna.
Örlög, sem menn kalla svo, er bara heimasaumað náttúrulögmál.

Já, við erum aðeins náttúrlögmál.

Helja er engin lausn, kjaftfora litla.
(Sjá 4. skræðu mál Þjóðvitnis, og 13. skræðu um Helju.)

-Má þá ekki bara svara þessu beint út?

-Og jú og sossum. Hver maður er ábyrgur fyrir sér og framþróun.

-Og....?

-Til er náttúrlögmál um að hver gjörð (Urður) á sér mótgjörð (Skuldu). Lögmálið er að hver gjörð eða orð eða hugsun sem sett er af stað kemur til baka í hausinn á manni, gott sem illt. Jamm og já. Örlög seggja sköpum í árdaga og gerum enn. Gjörð aflækjan er óleysanleg fyrir mannlega greind. Aðeins við skiljum Urði Verðandi og Skuldu hvers manns. Hvað eina (Urður, orðið er) sem einhver hefur sett af stað (Verðandi) kemur til baka (Verðandi) til hans (Skuld) fyrr eða síðar. Nú eða til niðja hans, eða hans sjálfs í næsta lífi hans, eða einhvern tíma í einhverju næstu lífa. Það held ég nú.

-Karma, karman कर्मन्, þýðir aðeins gjörð. En þið eruð allur þakinn?

-Jamm og já. Allur þakinn. Það sjá nú ekki allir menn. Verða pirraðir og kenna öðrum um. Það er alveg úti Hróa. Menn verða að taka örlögum sínum einsog þau koma, og skilja hverjum er að kenna eða þakka. Ekki þýðir að kenna öðrum um kringumstæður og svokallaðar tilviljanir. O nei og sussu nei. Engin guð standa í þessu. Þau eru forsetar náttúrlögmálanna. Standa nú ekki í karma eða sankti Pétri með registrið sitt og hliðvörzluna sína.

-Og hverjum er þá að kenna eða þakka?

-Hverjum og einum sjálfum. Menn ættu ekki að reyna að flýja örlög sín heldur taka þeim. Allt er rétt sem við gerum. Allt er einsog það á að vera. Afgreiða sína Skuldu. Einnig fjölskylda er Skylda, Skuld. Allt er einsog þá á að vera. Hver maður velur sé að fæðast í fjölskyldu þar sem hans Skylda og Skuld bíður hans. Enginn má sköpun renna, ljúfan.

-Eruð þið bara þetta lögmál?

-O, jú jú.
Aðeins náttúrulögmál.
Persónugervingar þess.
Vegir gjörða eru órannsakanlegir. Enginn maður hendir reiður á þessu.
Aðeins við, því við erum náttúrulögmál.
Menn verða að segja: gahanaa karmano gatih, einsog í Bhagavad gítu.
Vegir gjörðanna eru órannsakanlegir mönnunum.

-Ósköp eruð þið þurrar á manninn.

-Jamm.

(viðtalið í heild sinni birtist í 33. skráðu,
reynt er þá að toga meira uppúr þeim stöllum)



ISBN 978-9935-409-02-7

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsýsindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavad (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality“-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap“. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.

Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rötlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslensk menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað íð hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goðrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
